

**620. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 10. október 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Marinó Bjarnason (MB) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 620 lögmætan.

Aðalfulltrúinn Jóhann Örn Hreiðarsson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Marinó Bjarnason fundinn í hans stað.

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir afbrigðum þannig að sett yrði á dagskrá kjör varaoddvita fyrir 620. fund sveitarstjórnar vegna forfalla kjörins varaoddvita á fundinum. Var það samþykkt samhljóða og verður kjörið fyrsta mál á dagskrá fundarins með málsnr. 2310056 og færast önnur mál neðar á dagskrá sem því nemur.

Dagskrá:

1. Kjör varaoddvita á 620. fundi sveitarstjórnar - 2310056

Vegna forfalla kjörins varaoddvita er tekið fyrir kjör varaoddvita fyrir 620. fund sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að Jenný Lára Magnadóttir verði varaoddviti á 620. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps.

2. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Á fundinum verða lagðir fram tillögur að viðaukum vegna fjárhagsáætlunar 2023-2027.

Málinu er frestað.

3. Merkingar um hámarkshraða - 2310007

Erindi frá sveitarstjórnarfulltrúanum Jóhanni Erni Hreiðarssyni dags. 29.09.2023 varðandi merkingar á hámarkshraða sitt hvoru megin við þéttbýlismörk að Tálknafirði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu um að settar verði upp skýrar merkingar um hámarkshraða við þéttbýlismörk beggja megin þéttbýlis og að kannað verði með að á yfirborð götu verði tala hámarkshraða máluð. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að þéttbýlismarki vestan megin við þéttbýli verði fært út fyrir sumarhús sem standa á Ytri Sveinseyri og Hrauni.

4. Meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi - 2310026

Erindi frá sveitarstjórnarfulltúanum Jóni Inga Jónssyni dags. 05.10.2023 varðandi meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi þar sem eftirfarandi tillaga kemur fram: "Sveitarstjóra verði falið að sjá til þess nú þegar að reglugerð um meðhöndlun úrgangs sé framfylgt eins hjá öllum íbúum sveitarfélagsins og sjá til þess að bæði að sorptunnum sé komið fyrir og álagning gjalda sé samkvæmt samþykktum".

Minnisblað sveitarstjóra dags. 10.10.2023 vegna málsins lagt fram.

Lilja Magnúsdóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og óskaði eftir að víkja af fundi við afgreiðslu þess. Var það samþykkt samhljóða. Varafulltrúinn Magnús Óskar Hálfðásson tók sæti hennar við afgreiðslu málsins. Varaoddviti, Jenný Lára Magnadóttir tók við stjórn fundarins.

Framlögð tillaga JIJ er felld með þremur atkvæðum GJ, JLM og MÓH. JIJ og MB greiða atkvæði með tillögunni.

JIJ lagði fram eftirfarandi bókun:

Mér finnst með ólíkindum að meirihluti sveitarstjórnar skuli ekki geta samþykkt að fylgja eftir samþykktum sveitarfélagsins.

5. Framkvæmd innheimtu - 2310036

Erindi frá sveitarstjórnarfulltúanum Jóni Inga Jónssyni dags. 05.10.2023 varðandi framkvæmd innheimtu frá Tálknafjarðarhreppi. Í erindinu er eftirfarandi tillaga: "Útsendir reikningar Tálknafjarðarhrepps verði merktir í heimabanka þannig að það sé skýrt fyrir hvað er verið að greiða og að reikningar séu sendir á viðkomandi aðila rafrænt."

Framlögð tillaga er samþykkt samhljóða.

6. Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd - 12 - 2309007F

Fundargerð 12. fundar íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.09.2023.

Fundargerðin er staðfest.

6.1 2308069 - Starfsemi Íþróttamiðstöðvar veturinn 2023-2024

6.2 2309060 - Aðgangur ungmenna að líkamsrækt

6.3 2309013 - Staðsetning listaverks á Tálknafirði

7. Póstbox Íslandspóst Tálknafirði - 2301056

Samningur Tálknafjarðarhrepps og Íslandspóst dags. 02.10.2023 um leigu á aðstöðu fyrir sjálfvirkan afhendingarbúnað (póstbox) á lóð Íþróttamiðstöðvar.

Lagt fram.

8. Götulýsing - 2309110

Erindi frá Orkubúi Vestfjarða dags. 26.09.2023 þar sem tilkynnt er um breytingu á þjónustu OV vegna götulýsingarkerfa sveitarfélaga og þjóðvega á Vestfjörðum.

Lagt fram.

9. Hæfi sveitarstjórnarfulltrúa - 2310037

Minnisblað frá ráðgjafasviði KPMG dags. 05.10.2023 varðandi hæfi sveitarstjórnarfulltrúa.

Lagt fram.

10. Vatnsveita endurnýjun lagna í Túngötunni - 2305152

Erindi frá sveitarstjórnarfulltúanum Jóni Inga Jónssyni dags. 05.10.2023 varðandi samning um endurnýjum vatnslagna í Túngötu.

Lilja Magnúsdóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og óskaði eftir að víkja af fundi við afgreiðslu þess. Var það samþykkt samhljóða. Varafulltrúinn Magnús Óskar Hálfðánsson tók sæti hennar við afgreiðslu málsins. Varaoddiviti, Jenný Lára Magnadóttir tók við stjórn fundarins.

Erindið lagt fram og rætt.

JJJ gerir eftirfarandi bókun:

Sveitarstjóra ber að leggja samninga fyrir sveitarstjórn til samþykktar fyrir undirritun en ekki að leggja undirritaðan samning fyrir sveitarstjórn til kynningar eins og gert var í þessu tilfelli.

Sveitarstjóri óskaði eftir fundarhléi til að geta brugðist við bókuninni og var það samþykkt.

Eftir fundarhlé lagði sveitarstjóri fram eftirfarandi bókun:

Samningurinn sem hér er vísað í byggir á samþykktri framkvæmdáætlun sveitarfélagsins, er í samræmi bæði við innkaupareglur sveitarfélagsins sem og lög um opinber innkaup og var sveitarstjórn upplýst um ferli málsins á meðan á vinnslu þess stóð. Umræddur samningur var lagður fram á 614. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.06.2023 án þess að athugasemdir væru gerðar við hann og sat sveitarstjórnarfulltrúinn Jón Ingi Jónsson þann fund og tók þátt í afgreiðslu málsins. Í ljósi þess vekur þessi bókun sveitarstjórnarfulltrúans furðu.

11. Innviðir fyrir orkuskipti - 2309112

Erindi frá umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu dags. 26.09.2023 varðandi innviðir fyrir orkuskipti.

Lagt fram.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þakkar sendinguna en bendir á að þeir orkuinnviðir á Vestfjörðum sem ríkisvaldið ber ábyrgð á eru ófullnægjandi í dag og hvað þá fyrir orkuskipti.

12. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 - 2309125

Erindi frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 29.09.2023 þar sem tillaga innviðaráðherra til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 eru send til umsagnar.

Lagt fram.

13. Uppbygging og umgjörð lagareldis, stefna til ársins 2040 - 2310021

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 04.10.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 182/2023, „Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040“.

Lagt fram og vísað til umsfjöllunar á næsta fundi sveitarstjórnar.

14. Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga - 2310001

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 29.09.2023 varandi þjónustustefnu í byggðum og byggðarlögum sveitarfélga.

Lagt fram.

15. Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa 2023 - 2310014

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 29.09.2023 varðandi árlegan alþjóðlegan minningardag Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa sem verður haldinn sunnudaginn 19.11.2023.

Lagt fram.

16. Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046

Fundargerð 12. fundar samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 27.09.2023.

Lagt fram.

17. Fundargerðir Vestfjarðastofu 2023 - 2302080

Fundargerðir stjórnarfunda Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga nr. 52 sem fór fram 29.03.2023, nr. 53. sem fór fram 17.05.2023 og nr. 54 sem fór fram 28.06.2023.

Lagt fram.

18. Fundargerðir Samband íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063

Fundargerð 934. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 29.09.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Marínó Bjarnason (MB)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)